



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

573. stjórnarfundur þriðjudaginn 23. nóvember 2021 kl. 18:00

Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Garðar Már Newman, Birgir Már Bragason, Eva Björk Sveinsdóttir og Björg Hafsteinsdóttir. Fjarverandi Jónína Steinunn Helgadóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Fréttabréf frá UMFÍ. Hertar sóttvarnir.

Erindi frá Eiði Ævarssyni um að leigja Hringbraut 108. Samþykkt.

Erindi frá Sigurði Garðarssyni formanni knattspyrnudeildar Keflavíkur, aðstoð við skráningu á Almannaheillaskrá. Framkvæmdastjóri er búinn að skrá allar deildir inn á Almannaheillaskrá.

Fundagerðir stjórnar knattspyrnudeildar og barna- og unglingaráðs.

Erindi frá knattspyrnudeild um afnot af Hringbraut 108 frá 1. des. – 1. feb. Samþykkt.

3. Send bréf

Ýmis tölvupóstur sendur á stjórnir og ráð.

Æfingar með nýjum takmörkum sent á stjórnir og ráð innan Keflavíkur.

4. Jólblaðið

Jólblaðið er komið í uppsetningu.

5. Félagsheimilið okkar

Fimmti bekkur Myllubakkaskóla er nú hjá okkur og hugsanlega fram að áramótum. Eru þau að nota sal 1 og 3 mánudaga frá kl. 8:00 – 15:00. Einnig hafa þau aðgang að geymslu og skrifstofu.

Ástæðan fyrir þeirra veru er að það fannst mygla í Myllubakkaskóla og það húsnæði sem þau áttu að fara í reyndist ekki í lagi, verið er að gera endurbætur á því og verður væntanlega tilbúið eftir áramótin.

6. Önnur mál

A. Umræða um áhöld sem þarf að fjárfesta í fyrir lyftingasalinn.

B. Einar og Hjördís sóttu fund varðandi starfsskýrsluskil ÍSÍ í nýja kerfinu Sportabler.

C. Umræða um afgreiðslu íþrótt- og tólmstundaráðs á hitakerfi fyrir HS Orku völlinn.

Ákveðið að senda fyrirspurn á umhverfis- og skipulagsráð vegna afgreiðslunnar.

D. Ákveðið að íþróttastjóri komi á næsta fund.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 7. desember.

Fundi slitið kl. 19:00

Fundinn ritaði Eva Björk

